

Nd.

## 42. Frumvarp til laga

[39. mál]

um kjaramál.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

### I. KAFLI

#### Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

##### 1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

##### 2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gildi 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

##### 3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

### II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

##### 4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfalls-hækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

### III. KAFLI

#### Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

##### 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gildi í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflökkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflökkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmlega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrir en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gildi 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gildi samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### IV. KAFLI

Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla

8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

- a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
- b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarþær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

- a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
- b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekj-

um skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

- c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða hækkaðar um rekstrartöpp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977, svo og um yfirfærð rekstrartöpp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

#### 10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, ákveðast sem hér greinir:

Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöppum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartöpp á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartöppi skattársins 1977, svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöppum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:

Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöppum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartöpp á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartöppi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöppum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla

tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum sem ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.  
 Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.  
 Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

#### 11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrá 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærnum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og ríkisskattanevnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

#### 12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjald-daga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

### V. KAFLI

#### Um breyting á lögum nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald

#### 13. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald:

03.01.11	08.03.00	09.09.00	11.08.09
04.06.00	08.04.21	09.10.10	11.09.00
04.07.00	08.04.22	09.10.20	13.03.03
05.13.00	08.10.00	11.01.23	17.01.10
06.02.01	08.11.00	11.01.24	17.01.21
06.02.09	08.12.01	11.01.25	17.01.22
06.04.01	08.12.02	11.02.10	17.01.25
06.04.09	08.12.03	11.02.29	17.01.26
07.02.00	08.12.09	11.02.31	17.02.01
07.03.00	08.13.00	11.02.32	17.02.02
07.04.00	09.03.00	11.04.00	17.02.03
07.06.00	09.04.00	11.05.01	17.02.09
08.01.50	09.05.00	11.05.09	17.03.02
08.01.60	09.06.00	11.08.01	17.03.09
08.01.79	09.07.00	11.08.02	17.04.01
	09.08.00	11.08.03	17.04.03

17.04.04	22.02.01	39.07.78	59.02.10
17.04.05	22.02.09	40.08.02	59.06.02
17.04.06	22.03.01	40.09.09	59.08.01
17.04.09	22.03.09	40.11.10	59.10.00
18.06.04	22.10.00	40.11.20	59.11.02
18.06.05	25.01.01	40.11.40	59.11.09
18.06.06	27.08.20	40.11.50	59.12.09
18.06.09	29.04.50	40.11.61	59.15.00
19.02.09	30.03.44	40.11.69	62.05.01
19.03.00	30.05.00	40.12.00	62.05.04
19.04.01	34.07.00	40.13.01	62.05.05
19.04.09	36.02.00	40.14.06	62.05.07
19.05.00	36.04.00	40.14.08	65.01.00
19.07.01	38.14.00	41.06.00	65.02.00
19.07.02	38.17.00	42.03.03	65.07.00
19.07.09	38.19.31	42.05.03	66.01.00
19.08.01	38.19.32	42.06.00	66.02.00
19.08.02	38.19.35	44.03.42	66.03.00
19.08.03	39.01.25	44.03.49	68.03.00
19.08.04	39.01.35	44.04.10	68.04.00
19.08.09	39.01.44	44.04.20	68.06.00
20.01.00	39.01.45	44.09.23	68.07.00
20.02.02	39.01.54	44.09.29	68.08.09
20.02.03	39.01.69	44.13.11	68.10.01
20.02.04	39.01.79	44.13.19	68.12.01
20.02.05	39.01.89	44.22.09	68.12.02
20.02.06	39.01.96	44.25.09	68.14.00
20.02.07	39.02.16	45.02.00	68.16.01
20.02.08	39.02.24	45.03.09	69.04.00
20.02.09	39.02.37	45.04.02	69.05.00
20.03.00	39.02.45	48.05.10	69.07.00
20.04.00	39.02.46	48.05.49	69.08.00
20.05.01	39.02.48	48.07.31	69.09.00
20.05.02	39.02.52	48.07.45	69.10.00
20.05.03	39.02.62	48.07.46	69.11.00
20.05.09	39.02.63	48.10.00	69.12.00
20.06.10	39.02.65	48.11.00	70.11.00
20.06.20	39.02.67	48.12.00	70.12.00
20.07.11	39.02.73	48.13.00	70.14.02
20.07.19	39.02.94	48.15.31	70.15.00
20.07.20	39.03.14	48.15.32	70.16.00
20.07.30	39.03.35	48.21.10	70.17.09
20.07.40	39.03.55	48.21.52	70.18.00
20.07.50	39.03.83	58.01.10	70.20.20
20.07.60	39.04.09	58.01.20	70.20.32
20.07.70	39.05.09	58.02.10	73.10.12
21.07.04	39.06.29	58.02.20	73.10.13
21.07.05	39.07.12	58.02.30	73.10.21
21.07.06	39.07.36	58.02.40	73.13.51
21.07.07	39.07.39	58.02.50	73.17.00
21.07.08	39.07.49	58.02.60	73.18.19
21.07.11	39.07.64	58.02.70	73.18.22
21.07.12	39.07.65	58.02.80	73.18.29
21.07.19	39.07.73	58.02.90	73.20.02
22.01.01	39.07.74	58.03.00	73.20.03

73.20.09	78.06.09	84.15.41	84.54.20
73.23.02	79.04.00	84.15.42	84.55.10
73.24.00	79.06.01	84.17.10	84.55.21
73.25.01	79.06.02	84.18.12	84.55.29
73.25.09	79.06.03	84.18.13	84.55.30
73.26.00	79.06.05	84.18.21	84.56.10
73.27.01	79.06.09	84.18.22	84.56.20
73.27.02	80.05.00	84.18.29	84.56.40
73.27.09	80.06.02	84.18.31	84.58.00
73.29.02	82.01.09	84.18.39	84.59.20
73.29.09	82.02.00	84.19.10	84.59.50
73.32.00	82.03.10	84.19.21	84.59.82
73.33.00	82.03.20	84.19.31	84.59.89
73.34.01	82.03.30	84.22.19	84.59.91
73.34.09	82.04.00	84.22.21	84.61.03
73.35.09	82.05.00	84.22.29	84.61.04
73.36.11	82.08.00	84.22.39	84.61.09
73.36.12	82.09.01	84.22.41	84.61.12
73.36.13	82.09.02	84.22.49	84.61.13
73.36.14	82.12.01	84.22.50	84.61.14
73.36.20	82.12.09	84.22.69	84.61.15
73.36.30	82.13.01	84.22.79	84.61.19
73.38.11	82.13.09	84.23.10	84.62.00
73.38.12	82.14.00	84.23.21	84.63.03
73.38.19	82.15.00	84.23.22	84.63.04
73.38.23	83.01.01	84.23.29	84.63.05
73.38.29	83.04.00	84.23.30	84.63.06
73.40.47	83.06.09	84.23.40	84.63.07
73.40.56	83.08.00	84.23.50	84.63.09
74.07.09	83.11.00	84.23.61	84.64.00
74.08.00	83.13.04	84.23.69	84.65.09
74.10.00	84.06.39	84.23.70	85.01.10
74.15.00	84.06.70	84.40.10	85.01.29
74.16.00	84.08.31	84.40.21	85.01.31
74.17.00	84.08.39	84.40.50	85.01.39
74.18.10	84.08.41	84.40.61	85.01.40
74.18.20	84.08.49	84.40.69	85.01.59
74.19.06	84.08.60	84.40.71	85.01.60
75.04.00	84.09.00	84.40.72	85.01.74
75.06.02	84.10.10	84.51.10	85.01.80
75.06.03	84.10.20	84.51.21	85.01.89
76.03.01	84.10.39	84.51.29	85.01.90
76.06.09	84.10.49	84.51.31	85.02.00
76.07.00	84.10.50	84.51.39	85.03.09
76.10.01	84.10.69	84.52.10	85.05.00
76.11.00	84.11.19	84.52.20	85.06.11
76.12.00	84.11.29	84.52.30	85.06.19
76.15.10	84.11.30	84.52.40	85.06.20
76.15.20	84.11.49	84.53.10	85.06.31
76.16.04	84.12.00	84.53.20	85.06.39
76.16.13	84.13.09	84.53.30	85.06.40
76.16.15	84.15.10	84.53.40	85.06.50
77.02.00	84.15.20	84.53.50	85.07.03
77.04.20	84.15.31	84.53.60	85.07.04
78.05.00	84.15.32	84.54.10	85.08.00

85.09.00	85.20.40	90.05.00	90.26.02
85.10.09	85.20.50	90.06.00	90.26.09
85.12.10	85.21.10	90.08.11	90.27.09
85.12.21	85.21.20	90.08.19	90.28.10
85.12.29	85.21.39	90.08.21	90.28.20
85.12.41	85.21.60	90.08.29	90.28.39
85.12.49	85.22.20	90.08.31	90.28.40
85.12.53	85.23.01	90.08.39	90.28.50
85.12.54	85.23.09	90.09.01	90.29.09
85.12.55	85.25.10	90.09.09	91.05.00
85.12.56	85.25.20	90.10.10	91.06.00
85.12.57	85.25.30	90.10.20	92.11.31
85.12.59	85.26.10	90.10.39	92.12.11
85.12.61	85.26.20	90.11.00	92.12.23
85.12.69	85.26.30	90.12.00	92.13.01
85.12.70	85.27.00	90.13.00	93.03.00
85.15.20	85.28.00	90.14.20	93.04.03
85.15.25	87.01.10	90.16.10	94.02.00
85.15.30	87.01.39	90.16.20	96.01.04
85.15.35	87.04.09	90.17.10	96.05.00
85.15.40	87.06.09	90.17.20	96.06.00
85.15.59	87.07.11	90.17.30	97.04.01
85.16.00	87.07.19	90.18.01	97.04.02
85.17.01	87.07.20	90.18.09	97.04.04
85.17.09	87.13.01	90.20.00	97.04.09
85.19.12	87.13.09	90.23.01	97.05.00
85.19.14	87.14.29	90.23.02	97.06.01
85.19.15	87.14.31	90.23.03	97.06.02
85.19.18	87.14.39	90.23.09	97.06.09
85.19.21	90.01.01	90.24.01	97.08.00
85.19.29	90.01.09	90.24.09	98.01.01
85.20.10	90.03.00	90.25.00	98.06.01
85.20.20	90.04.09	90.26.01	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	35.03.09	40.16.09	59.06.09
27.11.11	36.01.00	42.05.09	65.04.00
27.11.19	36.05.00	44.02.00	65.06.09
27.11.20	36.08.00	44.28.95	67.01.00
27.11.30	37.01.09	44.28.99	67.02.00
32.10.00	37.02.02	45.04.09	67.03.00
32.13.20	37.02.09	46.02.03	67.04.00
33.06.01	37.03.09	46.02.09	68.10.09
33.06.02	37.04.00	46.03.09	68.12.09
33.06.03	37.05.09	48.07.59	68.13.09
33.06.04	37.07.01	48.14.01	68.16.09
33.06.05	38.11.10	48.14.02	69.14.00
33.06.06	38.11.20	48.14.03	70.13.00
33.06.07	38.11.30	48.14.09	70.14.03
33.06.08	38.11.40	48.15.20	70.14.09
33.06.11	38.11.50	48.15.39	70.19.00
33.06.12	38.19.49	48.21.29	70.20.39
33.06.19	39.07.30	48.21.39	70.21.09
34.05.03	39.07.99	48.21.69	71.13.01
34.05.09	40.14.19	55.03.01	71.13.09

71.14.09	84.06.61	91.02.00	92.12.29
71.15.00	84.06.62	91.03.00	92.13.09
71.16.00	84.06.69	91.04.00	93.01.00
73.40.59	84.25.11	91.07.00	93.02.00
74.19.09	84.25.19	91.08.00	93.04.04
75.06.09	84.25.51	91.09.00	93.04.05
76.16.19	85.07.02	91.10.00	93.04.09
80.06.09	85.07.09	91.11.00	93.05.00
82.09.09	85.12.30	92.01.00	93.06.00
82.11.01	85.13.10	92.02.00	93.07.10
82.11.09	85.13.20	92.03.09	93.07.22
83.01.02	85.14.10	92.04.01	93.07.29
83.01.05	85.14.20	92.04.09	95.05.00
83.01.09	85.15.19	92.05.00	95.08.09
83.02.03	85.15.60	92.06.00	98.03.00
83.02.09	85.15.79	92.07.01	98.04.00
83.03.09	85.15.81	92.07.09	98.05.00
83.05.09	85.15.82	92.08.00	98.06.09
84.06.31	85.15.89	92.10.00	98.08.00
84.06.32	87.10.00	92.11.10	98.09.00
84.06.33	87.12.09	92.11.20	98.10.00
84.06.40	87.14.10	92.11.39	98.11.00
84.06.51	90.07.29	92.11.40	98.14.00
84.06.52	90.07.39	92.12.19	98.15.00
84.06.53		92.12.21	98.16.00
			99.06.00

#### 14. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið herra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendra framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutnings-skjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið herra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

#### 15. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkan verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.



16. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VI. KAFLI

Um gjald á ferðalög til útlanda

17. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlendis gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

VII. KAFLI

Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

VIII. KAFLI

Um gildistöku o. fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjala hér á eftir:

Fylgiskjal I:

BRÁÐABIRGÐALÖG  
um kjaramál.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér að í samstarfsyfirlýsingu flokka-anna þriggja, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar ráðstafanir til að tryggja rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaðinum, sem brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að kjarasamningar gangi að nýju í gildi að því er varðar laun almennra launþega, ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs og til fjáröflunar til þess að standa straum af kostnaði við niðurfærsluna með sérstökum sköttum á eignir, hátekjur, atvinnurekstur og eyðslu, auk þess sem dregið verði úr útgjöldum ríkissjóðs. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

I KAFLI

Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gildi 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

II KAFLI

Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfalls-hækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

### III KAFLI

#### Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

##### 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gildi í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

##### 6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

##### 7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gildi 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gildi samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

### IV KAFLI

#### Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III kafla

##### 8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

- a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
- b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

- a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
- b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
- c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 200 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærrí fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt staflíðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkunum skattgjaldstekjum, sbr. staflíði a., b. og c.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977, svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, ákveðast sem hér greinir:  
Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.  
Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:  
Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó

eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum sem ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

#### 11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI, VII og VIII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrá 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærnum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og rikisskattanevnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

#### 12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjald-daga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

### V KAFLI

#### Um breyting á lögum nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald

#### 13. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald:

03.01.11	06.04.01	08.01.50	08.10.00
04.06.00	06.04.09	08.01.60	08.11.00
04.07.00	07.02.00	08.01.79	08.12.01
05.13.00	07.03.00	08.03.00	08.12.02
06.02.01	07.04.00	08.04.21	08.12.03
06.02.09	07.06.00	08.04.22	08.12.09

08.13.00	19.08.01	38.19.32	42.06.00
09.03.00	19.08.02	38.19.35	44.03.42
09.04.00	19.08.03	39.01.25	44.03.49
09.05.00	19.08.04	39.01.35	44.04.10
09.06.00	19.08.09	39.01.44	44.04.20
09.07.00	20.01.00	39.01.45	44.09.23
09.08.00	20.02.02	39.01.54	44.09.29
09.09.00	20.02.03	39.01.69	44.13.11
09.10.10	20.02.04	39.01.79	44.13.19
09.10.20	20.02.05	39.01.89	44.22.09
11.01.23	20.02.06	39.01.96	44.25.09
11.01.24	20.02.07	39.02.16	45.02.00
11.01.25	20.02.08	39.02.24	45.03.09
11.02.10	20.02.09	39.02.37	45.04.02
11.02.29	20.03.00	39.02.45	48.05.10
11.02.31	20.04.00	39.02.46	48.05.49
11.02.32	20.05.01	39.02.48	48.07.31
11.04.00	20.05.02	39.02.52	48.07.45
11.05.01	20.05.03	39.02.62	48.07.46
11.05.09	20.05.09	39.02.63	48.10.00
11.08.01	20.06.10	39.02.65	48.11.00
11.08.02	20.06.20	39.02.67	48.12.00
11.08.03	20.07.11	39.02.73	48.13.00
11.08.09	20.07.19	39.02.94	48.15.31
11.09.00	20.07.20	39.03.14	48.15.32
13.03.03	20.07.30	39.03.35	48.21.10
17.01.10	20.07.40	39.03.55	48.21.52
17.01.21	20.07.50	39.03.83	58.01.10
17.01.22	20.07.60	39.04.09	58.01.20
17.01.25	20.07.70	39.05.09	58.02.10
17.01.26	21.07.04	39.06.29	58.02.20
17.02.01	21.07.05	39.07.12	58.02.30
17.02.02	21.07.06	39.07.36	58.02.40
17.02.03	21.07.07	39.07.39	58.02.50
17.02.09	21.07.08	39.07.49	58.02.60
17.03.02	21.07.11	39.07.64	58.02.70
17.03.09	21.07.12	39.07.65	58.02.80
17.04.01	21.07.19	39.07.73	58.02.90
17.04.03	22.01.01	39.07.74	58.03.00
17.04.04	22.02.01	39.07.78	59.02.10
17.04.05	22.02.09	40.08.02	59.06.02
17.04.06	22.03.01	40.09.09	59.08.01
17.04.09	22.03.09	40.11.10	59.10.00
18.06.04	22.10.00	40.11.20	59.11.02
18.06.05	25.01.01	40.11.40	59.11.09
18.06.06	27.08.20	40.11.50	59.12.09
18.06.09	29.04.50	40.11.61	59.15.00
19.02.09	30.03.44	40.11.69	62.05.01
19.03.00	30.05.00	40.12.00	62.05.04
19.04.01	34.07.00	40.13.01	62.05.05
19.04.09	36.02.00	40.14.06	62.05.07
19.05.00	36.04.00	40.14.08	65.01.00
19.07.01	38.14.00	41.06.00	65.02.00
19.07.02	38.17.00	42.03.03	65.07.00
19.07.09	38.19.31	42.05.03	66.01.00

66.02.00	73.36.11	82.08.00	84.22.39
66.03.00	73.36.12	82.09.01	84.22.41
68.03.00	73.36.13	82.09.02	84.22.49
68.04.00	73.36.14	82.12.01	84.22.50
68.06.00	73.36.20	82.12.09	84.22.69
68.07.00	73.36.30	82.13.01	84.22.79
68.08.09	73.38.11	82.13.09	84.23.10
68.10.01	73.38.12	82.14.00	84.23.21
68.12.01	73.38.19	82.15.00	84.23.22
68.12.02	73.38.23	83.01.01	84.23.29
68.14.00	73.38.29	83.04.00	84.23.30
68.16.01	73.40.47	83.06.09	84.23.40
69.04.00	73.40.56	83.08.00	84.23.50
69.05.00	74.07.09	83.11.00	84.23.61
69.07.00	74.08.00	83.13.04	84.23.69
69.08.00	74.10.00	84.06.39	84.23.70
69.09.00	74.15.00	84.06.70	84.40.10
69.10.00	74.16.00	84.08.31	84.40.21
69.11.00	74.17.00	84.08.39	84.40.50
69.12.00	74.18.10	84.08.41	84.40.61
70.11.00	74.18.20	84.08.49	84.40.69
70.12.00	74.19.06	84.08.60	84.40.71
70.14.02	75.04.00	84.09.00	84.40.72
70.15.00	75.06.02	84.10.10	84.51.10
70.16.00	75.06.03	84.10.20	84.51.21
70.17.09	76.03.01	84.10.39	84.51.29
70.18.00	76.06.09	84.10.49	84.51.31
70.20.20	76.07.00	84.10.50	84.51.39
70.20.32	76.10.01	84.10.69	84.52.10
73.10.12	76.11.00	84.11.19	84.52.20
73.10.13	76.12.00	84.11.29	84.52.30
73.10.21	76.15.10	84.11.30	84.52.40
73.13.51	76.15.20	84.11.49	84.53.10
73.17.00	76.16.04	84.12.00	84.53.20
73.18.19	76.16.13	84.13.09	84.53.30
73.18.22	76.16.15	84.15.10	84.53.40
73.18.29	77.02.00	84.15.20	84.53.50
73.20.02	77.04.20	84.15.31	84.53.60
73.20.03	78.05.00	84.15.32	84.54.10
73.20.09	78.06.09	84.15.41	84.54.20
73.23.02	79.04.00	84.15.42	84.55.10
73.24.00	79.06.01	84.17.10	84.55.21
73.25.01	79.06.02	84.18.12	84.55.29
73.25.09	79.06.03	84.18.13	84.55.30
73.26.00	79.06.05	84.18.21	84.56.10
73.27.01	79.06.09	84.18.22	84.56.20
73.27.02	80.05.00	84.18.29	84.56.40
73.27.09	80.06.02	84.18.31	84.58.00
73.29.02	82.01.09	84.18.39	84.59.20
73.29.09	82.02.00	84.19.10	84.59.50
73.32.00	82.03.10	84.19.21	84.59.82
73.33.00	82.03.20	84.19.31	84.59.89
73.34.01	82.03.30	84.22.19	84.59.91
73.34.09	82.04.00	84.22.21	84.61.03
73.35.09	82.05.00	84.22.29	84.61.04

84.61.09	85.12.29	85.26.30	90.18.09
84.61.12	85.12.41	85.27.00	90.20.00
84.61.13	85.12.49	85.28.00	90.23.01
84.61.14	85.12.53	87.01.10	90.23.02
84.61.15	85.12.54	87.01.39	90.23.03
84.61.19	85.12.55	87.04.09	90.23.09
84.62.00	85.12.56	87.06.09	90.24.01
84.63.03	85.12.57	87.07.11	90.24.09
84.63.04	85.12.59	87.07.19	90.25.00
84.63.05	85.12.61	87.07.20	90.26.01
84.63.06	85.12.69	87.13.01	90.26.02
84.63.07	85.12.70	87.13.09	90.26.09
84.63.09	85.15.20	87.14.29	90.27.09
84.64.00	85.15.25	87.14.31	90.28.10
84.65.09	85.15.30	87.14.39	90.28.20
85.01.10	85.15.35	90.01.01	90.28.39
85.01.29	85.15.40	90.01.09	90.28.40
85.01.31	85.15.59	90.03.00	90.28.50
85.01.39	85.16.00	90.04.09	90.29.09
85.01.40	85.17.01	90.05.00	91.05.00
85.01.59	85.17.09	90.06.00	91.06.00
85.01.60	85.19.12	90.08.11	92.11.31
85.01.74	85.19.14	90.08.19	92.12.11
85.01.80	85.19.15	90.08.21	92.12.23
85.01.89	85.19.18	90.08.29	92.13.01
85.01.90	85.19.21	90.08.31	93.03.00
85.02.00	85.19.29	90.08.39	93.04.03
85.03.09	85.20.10	90.09.01	94.02.00
85.05.00	85.20.20	90.09.09	96.01.04
85.06.11	85.20.40	90.10.10	96.05.00
85.06.19	85.20.50	90.10.20	96.06.00
85.06.20	85.21.10	90.10.39	97.04.01
85.06.31	85.21.20	90.11.00	97.04.02
85.06.39	85.21.39	90.12.00	97.04.04
85.06.40	85.21.60	90.13.00	97.04.09
85.06.50	85.22.20	90.14.20	97.05.00
85.07.03	85.23.01	90.16.10	97.06.01
85.07.04	85.23.09	90.16.20	97.06.02
85.08.00	85.25.10	90.17.10	97.06.09
85.09.00	85.25.20	90.17.20	97.08.00
85.10.09	85.25.30	90.17.30	98.01.01
85.12.10	85.26.10	90.18.01	98.06.01
85.12.21	85.26.20		

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	33.06.04	35.03.09	37.07.01
27.11.11	33.06.05	36.01.00	38.11.10
27.11.19	33.06.06	36.05.00	38.11.20
27.11.20	33.06.07	36.08.00	38.11.30
27.11.30	33.06.08	37.01.09	38.11.40
32.10.00	33.06.11	37.02.02	38.11.50
32.13.20	33.06.12	37.02.09	38.19.49
33.06.01	33.06.19	37.03.09	39.07.30
33.06.02	34.05.03	37.04.00	39.07.99
33.06.03	34.05.09	37.05.09	40.14.19



40.16.09	70.19.00	84.25.51	92.07.01
42.05.09	70.20.39	85.07.02	92.07.09
44.02.00	70.21.09	85.07.09	92.08.00
44.28.95	71.13.01	85.12.30	92.10.00
44.28.99	71.13.09	85.13.10	92.11.10
45.04.09	71.14.09	85.13.20	92.11.20
46.02.03	71.15.00	85.14.10	92.11.39
46.02.09	71.16.00	85.14.20	92.11.40
46.03.09	73.40.59	85.15.19	92.12.19
48.07.59	74.19.09	85.15.60	92.12.21
48.14.01	75.06.09	85.15.79	92.12.29
48.14.02	76.16.19	85.15.81	92.13.09
48.14.03	80.06.09	85.15.82	93.01.00
48.14.09	82.09.09	85.15.89	93.02.00
48.15.20	82.11.01	87.10.00	93.04.04
48.15.39	82.11.09	87.12.09	93.04.05
48.21.29	83.01.02	87.14.10	93.04.09
48.21.39	83.01.05	87.14.49	93.05.00
48.21.69	83.01.09	90.07.29	93.06.00
55.03.01	83.02.03	90.07.39	93.07.10
59.06.09	83.02.09	91.02.00	93.07.22
65.04.00	83.03.09	91.03.00	93.07.29
65.06.09	83.05.09	91.04.00	95.05.00
67.01.00	84.06.31	91.07.00	95.08.09
67.02.00	84.06.32	91.08.00	98.03.00
67.03.00	84.06.33	91.09.00	98.04.00
67.04.00	84.06.40	91.10.00	98.05.00
68.10.09	84.06.51	91.11.00	98.06.09
68.12.09	84.06.52	92.01.00	98.08.00
68.13.09	84.06.53	92.02.00	98.09.00
68.16.09	84.06.61	92.03.09	98.10.00
69.14.00	84.06.62	92.04.01	98.11.00
70.13.00	84.06.69	92.04.09	98.14.00
70.14.03	84.25.11	92.05.00	98.15.00
70.14.09	84.25.19	92.06.00	98.16.00
			99.06.00

#### 14. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið herra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutnings-skjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga skal greiða hið herra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sér-

stökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. toliskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

15. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.

16. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## VI KAFLI

### Um gjald á ferðalög til útlanda

17. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

## VII KAFLI

### Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

## VIII KAFLI

### Um gildistöku o. fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða

Laun fyrir vinnu dagana 1.—10. september 1978, sem greidd eru eftirá, skulu gerð upp endanlega samkvæmt þeim kaupsáttum er gildi taka með lögum þessum, en þau laun sem greidd voru fyrirfram fyrir sama tímabil skulu hins vegar haldast óbreytt.

*Gjört að Bessastöðum 8. september 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

#### Fylgiskjal II:

Frétt frá ríkisstjórninni frá 14. september 1978 um bráðabirgðalög um ráðstafanir í kjaramálum nr. 96 8. september 1978.

#### Aðdragandi:

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð um síðustu mánaðamót, blasti við fjölpættur vandi í efnahags- og atvinnumálum, sem dregist hafði að leysa. Brýna nauðsyn bar því til að ríkisstjórnin gripi þegar í stað til ráðstafana, er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaðnum. Jafnframt var nauðsynlegt að fyrstu aðgerðir stjórnvalda á sviði efnahags- og kjaramála veittu svigrúm til að hrinda í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu og öðrum langtímamarkmiðum ríkisstjórnarinnar í samræmi við samstarfsyfirlýsingu flokkaanna þriggja sem ríkisstjórnina mynda.

Ríkisstjórnin hefur frá upphafi lagt á það ríka áherslu að hafa náð samráð við aðila vinnumarkaðarins um skipan launa og kjaramála, og eftir að slíkt samráð hafði verið haft voru bráðabirgðalögin um kjaramál sett þ. 8. september s. l.

Í stuttu máli er meginefni bráðabirgðalaganna eftirfarandi:

#### I. KAFLI

##### Kjarasamningar og greiðsla verðbóta á laun.

Í fyrsta kafla laganna eru kaupgjaldsákvæði laga um ráðstafanir í efnahagsmálum frá í febrúar og bráðabirgðalaga frá í maí 1978 felld niður, en í lögum þessum var greiðsla verðbóta á laun almennra launþega skert. Bráðabirgðalögin kveða hins vegar á um að greiða skuli fullar verðbætur skv. kjarasamningum á þau mánaðarlaun sem námu allt að 200 000 krónum í desember 1977, en það svarar til u. þ. b. 235 000 kr. í ágúst s. l. Á mánaðarlaun sem hærri eru komi síðan sama krónutala og á 235 000 kr. launin. Með þessum ákvæðum taka kjarasamningar að nýju gildi fyrir allan þorra launþega, en það þýðir m. a. að umsamin hlutföll yfirvinnu og dagvinnu, bónusgreiðslna og kaupsáttanna o. fl. taka yfirleitt aftur gildi.

Í fyrsta kafla laganna er loks ákvæði um að grunnkaup og tilhögun verðbóta skuli haldast óbreytt eins og það er nú ákveðið frá 1. september þar til um annað verði samið. Ríkisstjórnin hefur í hyggju að leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. desember 1979 á þeim grundvelli, að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi. Í því sambandi verði samningsréttur opinberra starfsmanna tekinn til endurskoðunar.

Áhrif bráðabirgðalaganna á hækkun launa 1. september eru þau, að eftir að allri hækkun verðbótavísitölu frá 1. júní hefur verið eytt með niðurgreiðslu vöru-

verðs og niðurfellingu söluskatts á matvælum, hækka laun að meðaltali um 9—9½%. Þar af stafa 3—3½% af grunnkaupshækkun en um 6% stafa af gildistöku samninganna að nýju. Þessi hækkun er nokkuð misjöfn og meiri til þeirra, sem höfðu meiri skerðingu verðbóta fyrir. Meðalhækkunin 1. september er svipuð í krónum og verið hefði skv. bráðabirgðalögunum, sem fyrri ríkisstjórn setti í maí, en hér munar því, að auk launahækkunar í krónum hefur verð á nauðsynjum nú verið greitt niður og söluskattur felldur niður af matvörum, sem svarar 7.5% í verðbótavísitölu og kemur því launþegum til góða í lækkuðu vöruverði.

## II. KAFLI

### Bætur almannatrygginga.

Í öðrum kafla laganna er ákveðið að bætur almannatrygginga skuli hækka í sama mæli og um leið og laun verkamanna í september og desember. Hér er verið að tryggja, að lífeyrisþegar njóti tafarlaust sömu hækkana á framfærslueyri og verkamenn fá þegar samningar þeirra taka gildi að nýju.

Fæðingarstyrkur er hér undanskilinn, enda fylgir hann daggjöldum sjúkrahúsa.

## III. KAFLI

### Niðurfærsla og verðlagseftirlit.

Ákvæði þessa kafla veita ríkisstjórninni fyrst heimild til aukningar niðurgreiðslna um 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún var fyrir gildistöku laganna. Þessi heimild hefur þegar verið notuð. Áætlað er að þessi aukning niðurgreiðslna svo og auknar niðurgreiðslur 1. desember n. k. muni kosta ríkissjóð 3 350 milljónir kr. fram að áramótum og að óbreyttu 12 800 milljónir króna á næsta ári. Hér er fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur á helstu nauðsynjavörum heimilanna þ. e. á mjólk, kjöti, smjöri og fleiri landbúnaðarafurðum. Auk þessarar aukningar niðurgreiðslna er fjármálaráðherra veitt heimild til niðurfellingar sölugjalds af matvælum. Þessi heimild hefur þegar verið notuð og hefur fjármálaráðuneytið gefið út reglugerð (nr. 316 8. september 1978) um þetta efni, sem koma mun að fullu til framkvæmda 15. september n. k. Þá verða að heita má öll matvæli, að undanteknu sælgæti, öli og gosdrykkjum undanþegin sölugjaldi.

Sérregla gildir um sölu veitingastaða á tilbúnum mat, en þeir mega draga innkaupsverð söluskattfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.

Niðurfelling sú sem nú hefur verið ákveðin á sölugjaldi af matvælum svarar til 2.6% lækkunar verðbótavísitölunnar og mun kosta ríkissjóð 1 400 millj. króna tekjutap til áramóta en 5 800 m.kr. tekjumissi á næsta ári. Með þeirri niðurfærslu verðlags, sem löggin kveða á um, hefur verðbótavísitalan alls verið lækkuð til sama stigs og hún var í júní s. l. eins og áður sagði. Þetta þýðir að sjálfsögðu að þau laun sem greidd voru fyrirfram 1. september s. l. og áður höfðu fengið því sem næst fullar verðlagsbætur skv. bráðabirgðalögunum frá í maí, þ. e. lægstu laun — munu lækka nokkuð í krónutölu — en lækkun vöruverðs færir þeim hins vegar kjarabætur.

Þess má geta að fyrstu áhrif niðurfærsluaðgerðanna á matvælaverð verða verðlækkun að meðaltali 7%, þrátt fyrir hækkun á verði til bændu og gengislækkun.

Í þessum kafla laganna eru loks sett ákvæði um verðstöðvun og lagt bann við því að verð vöru, þjónustu og leigu sé hækkað frá því sem það var 9. september 1978 nema skv. leyfi verðlagsyfirvalda og sérstöku samþykki ríkisstjórnarinnar. Þetta ákvæði tekur jafnt til einkaaðila og opinberra aðila. Þá er hundraðshluti verslunarálagningar lækkaður frá og með 11. september s. l. sem svarar því að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofns sem leiðir af gengisbreytingunni 5. september s. l. Þessari reglu, þ. e. „30% reglunni“, hefur oft verið beitt áður við gengisbreytingar á undanförunum árum, enda þykir óeðlilegt að álagning kaupmanna í krónum aukist sjálfkrafa sem nemur allri gengislækkuninni.

#### IV. KAFLI

##### Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla.

Ný skattlagning er ævinlega óvinsæl. Hins vegar er óhjákvæmilegt að leggja nú á nýja skatta til þess að standa undir kostnaði til næstu áramóta af auknum niðurgreiðslum vöruverðs og tekjumissi rikissjóðs vegna niðurfellingar sölugjalds af matvælum. Leitast hefur verið við að leggja hina nýju skatta einungis á þá sem ætla má að hafi mest gjaldþol og hæstar tekjur bera úr býtum.

Skattarnir eru þessir:

Í fyrsta lagi eignarskattsauki sem lagður er á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 og nemur hann 50% af eignarskatti einstaklinga en 100% af eignarskatti félaga innlendra og erlendra. Við tekjuskattsálagningu er eignarskattsaukinn frádráttarbær frá tekjuskatti félaga eins og eignarskattur, m. a. þess vegna þótti rétt að hafa hann hálfu hærri á félög en einstaklinga.

Áætlað er að skattlagning þessi muni færa rikissjóði 1 380 milljónir króna, en þar af er áætlað að ca. 600 milljónir króna muni innheimtast á þessu ári.

Í öðru lagi er sérstakur hátekjuskattur lagður á einstaklinga. Skattur þessi leggst á þær skattgjaldstekjur manna af öðru en atvinnurekstri, sem eru umfram ákveðin mörk en þau eru mismunandi eftir fjölskyldustærð, 2,8 m.kr. fyrir einhleyping, 3,7 m.kr. fyrir hjón og auk þess 220 000 kr. fyrir hvert barn. Skatturinn er 6% af tekjum fyrir ofan framangreind mörk. Þessi skattleysismörk eru nokkru hærri en giltu um álagningu skyldusparnaðar 1978.

Sem dæmi um skattfrelismörk má nefna að hjón með tvö börn geta haft allt að 4 140 000 kr. í skattgjaldstekjur án þess að á þau sé lagður hátekjuskattur, enda fari vergar tekjur þeirra til skatts (en það samsvarar nánast útsvarstofni að viðbættri eigin húsaleigu) ekki fram úr kr. 4 938 700. Lauslega má áætla að skattur þessi leggist á rúmlega 10% framteljenda og talið er að heildarálagning þessa hátekjuskatts nemi um 380 milljónum króna en þar af innheimtist 170 milljónir á þessu ári. Til samanburðar má geta þess að heildarfjárhæð álagðs skyldusparnaðar á einstaklinga á þessu ári nemur 1 547 m.kr.

Í þriðja lagi er sérstakur skattur lagður á tekjur í atvinnurekstri. Skattur þessi er 6% eins og hátekjuskatturinn og leggst á hreinar tekjur af atvinnurekstri áður en fyrningar eru dregnar frá.

Hafi skattaðili orðið fyrir rekstrartapi á liðnum árum, sem heimilt var að draga frá tekjum við álagningu á þessu ári, skal það tap einnig koma til frádráttar þessum tekjustofni. Gert er ráð fyrir, að tekjur af atvinnurekstri verði skýrgreindar svo í reglugerð að sanngjarnt mat á eigin vinnu atvinnurekenda hafi verið fært til gjalda áður en skattur þessi er reiknaður.

Tekjur rikissjóðs af skattlagningu þessari eru áætlaðar 1 500 milljónir króna en þar af er áætlað að 600 milljónir króna innheimtist í rikissjóð á þessu ári.

Skattar þeir, sem um ræðir í þessum kafla, skulu á lagðir af skattstjórum og gilda um þá sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt. að því er varðar álagningu, kærufresti, heimildir skattyfirvalda til lækkunar, viðurlög og önnur almenn atriði.

Um innheimtu hinna nýju skatta gilda einnig sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt en álögðum gjöldum skv. kaflanum skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, 1. nóvember og 1. desember 1978, og 1. janúar og 1. febrúar 1979.

## V. KAFLI

### Breyting á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald.

Allt frá árinu 1975 hefur verið innheimt sérstakt, tímabundið vörugjald af ýmsum vörum. Vörugjald þetta hefur verið mismunandi hátt frá einu tímabili til annars, þ. e. lægst 12% en hæst 18%. Við gildistöku laga þessara var það 16%.

Sú breyting er nú gerð, að vörugjaldin er skipt í tvo gjaldflokka, annars vegar 16% eins og það hefur verið að undanfögnu og hins vegar 30% á nokkrum vörutegundum, og tók sú hækkun gildi þ. 9. september s. l. Hér er því í raun og veru ekki um „nýtt“ gjald að ræða heldur breytingu á gjaldi, sem þegar var til staðar.

Við ákvörðun þess, hvaða vörur skyldu falla í hærri gjaldflokkinn, var allnokkur vandi á höndum. Hið sérstaka tímabundna vörugjald hefur almennt ekki verið lagt á „samkeppnisvörur“ þ. e. iðnaðarvörur sem tollar hafa verið lækkaðir af vegna fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE, ekki á vélar og aðföng iðnaðarins, né helstu fjárfestingarvörur. Þá hafa flestar matvörur og mikilvæg aðföng sjávarútvegs og landbúnaðar verið undanþegin gjaldinu.

Niðurstaðan varð sú, að leggja herra gjald fyrst og fremst á varanlegar neysluvörur, snyrtivörur, skrautvörur og fleira þess háttar. Hins vegar var í engu breytt gjöldum af hjólbörðum, sjónvarpstækjum, sportvörum og varahlutum í bifreiðar. Þá var sett í lög heimild fyrir ráðherra til að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu og færa þær milli gjaldflokka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir, að hækkunin á vörugjaldinu muni færa ríkissjóði 400 m.kr. tekjuauka á þessu ári.

## VI. KAFLI

### Gjald á ferðalög til útlanda.

Með kafla þessum er lagt 10% gjald á ferðagjaldeyri, en jafnframt því hefur hámark ferðagjaldeyris verið hækkað til muna. Gjald þetta er ekki lagt á yfirfærslur námsmanna, sjúklinga eða áhafnagjaldeyri.

Skattlagning þessi hefur verið gagnrýnd nokkuð en á það má benda að skattlagning á ferðalög Íslendinga til annarra landa hefur verið hverfandi til þessa og flugvallagjaldið, sem fyrst var álagt árið 1975, hefur ekki fylgt almenntri verðlagsþróun og er því mun lægra að raungildi en það var í upphafi. Einnig má á það benda að þessi „neysla“ er hér miklu vægar skattlögð en yfirleitt gildir um innfluttar vörur.

Í grannlöndum okkar er algengt að allhár skattur sé lagður á ferðalög með leiguflugvélum, en sá skattur er ekki fyrir hendi hér á landi.

Áætlað er að tekjur af gjaldi þessu nemi um 200 milljónum króna á þessu ári, en um 1 600 m.kr. á næsta ári.

## VII. KAFLI

### Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978.

Hér er veitt heimild til lækkunar ríkisútgjalda um 2 000 milljónir króna. Fyrir var skv. lögum um efnahagsmál í febrúar s. l. heimild til að lækka ríkisútgjöld um 1 000 milljónir króna. Þar sem nú er langt liðið á fjárhagsárið er ljóst, að örðugt kann að reynast að fullnýta þessa heimild, en mikilvægt er að það takist.

## VIII. KAFLI

### Um gildistöku o. fl.

Tekið er fram, að forsætisráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna að því leyti, sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að laun fyrir vinnudagana 1.—10. september 1978, sem greidd eru eftirá, skuli gerð upp endanlega samkvæmt þeim kaup-töxtum, sem gildi taka með lögnum, en þau laun sem greidd voru fyrirfram fyrir sama tímabil skulu hins vegar haldast óbreytt. Það eru fyrst og fremst opinberir starfsmenn, sem fá laun sín greidd fyrirfram. Við síðustu mánaðamót var verðbóta-vísitala allmiklu hærri en nú er, eftir að verðlag á nauðsynjavörum hefur verið lækkað skv. lögum þessum. Föst mánaðarlaun í september í lægstu launaflokkum opinberra starfsmanna munu því verða nokkru lægri en gert var ráð fyrir skv. áður gildandi reglum og sama gildir um laun í hæstu flokkunum vegna vísitölu-þaksins. Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að breyta ekki launagreiðslum opinberra starfsmanna fyrir fyrstu tíu daga septembermánaðar.

#### Yfirlit.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin hefur nú hrundið í framkvæmd, fela í sér tilraun til að rjúfa þann vítahring verðlags- og launahækkana, sem hagkerfið hefur festst í að undanfögnu og haft hefur í för með sér svo mikla rekstrarerfiðleika undirstöðuatvinnuvega að horfði til rekstrarstöðvunar og atvinnubrests. Þörf var fyrir skjótar aðgerðir til að koma í veg fyrir ófremdarástand í atvinnulífi lands-manna. Hér er farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Í þessu felst mikil fjárhags-byrði fyrir ríkissjóð. Hluta af verðbólguvandinum hefur verið breytt í ríkisfjármálavanda. Svo er um hnútana búð, að álagning nýrra skatta á árinu 1978 ásamt áformum um útgjaldalækkun dugir til þess að mæta þeim miklu útgjöldum og tekjutapi ríkissjóðs, sem ráðstafanirnar hafa í för með sér á þessu ári. Á hinn bóginn dreifist skattheimtan vegna ráðstafananna á þessu ári á lengra tímabil en útgjöldin og því hafa þær óhjákvæmilega í för með sér, að greiðsluhalli verður á ríkissjóði á þessu ári. Öll áhersla verður hins vegar á það lögð, að þessi halli verði að fullu unninn upp þannig að yfir 16 mánaða tímabilið til ársloka 1979 náist jöfnuður í ríkisfjármálum. Þessi jöfnuður er forsenda árangurs í viðnámi gegn verðbólgu.

Árangur í ríkisfjármálum á næsta ári ræðst hins vegar af þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða með fjárlögum ársins 1979, svo og af þeim kjarasamningum, sem gerðir verða frá 1. desember n. k. Við þær ákvarðanir kemur í ljós hvort auðnast að nota það hlé, sem þessum fyrstu aðgerðum er ætlað að skapa til varanlegs viðnáms gegn verðbólgu. Skattheimtan, sem bráðabirgðalögin kveða á um, er einungis tímabundin, en á Alþingi mun ríkisstjórnin leggja fram tillögur sínar um útgjaldalækkun og frestun framkvæmda ásamt varanlegri tekjuöflun með breytingum á sköttum, sem tryggi það að ríkisfjárhagurinn haldist í jafnvægi.

#### Fylgiskjal III:

18.10.78

#### Tafla 1.

#### Áætlun um aukin útgjöld og tekjumissi skv. bráðabirgðalögum nr. 96/1978 og aukningu útflutningsbóta á búvörum haustið 1978.

	1978
	M.kr.
1. Auknar niðurgreiðslur í september .....	3 000
2. Niðurfelling söluskatts af matvælum .....	1 400
3. Auknar niðurgreiðslur í desember .....	350
4. Verðjöfnunargjald/útflutningsuppbætur .....	1 000
	<u>SAMTALS 5 750</u>

Tafla 2.

Áætlun um tekjuöflun skv. bráðabirgðalögum nr. 96/1978 auk hækkunar á útsöluverði ÁTVR um 20% 8/9/1978.

	Álagt <sup>1)</sup>	Innheimt	Innheimt
	1978	1978	1979
	M.kr.	M.kr.	M.kr.
1. Eignarskattsauki skv. 8. gr.			
a) 50% af eignarskatti einstaklinga .....	449	200	220
b) 100% af eignarskatti félaga .....	922	400	475
2. Sérstakur tekjuskattur á háar tekjur skv. 9. gr. ..	414	185	210
3. Sérstakur skattur á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. ....	1 700	700	750
4. Hækkun á sérstöku vörugjaldi úr 16 í 30% á nokkrum vörum skv. 13. gr. ....	400	400	1 700
5. Skattur á ferðalög til útlanda skv. 17. gr. ....	200	200	1 600
6. Lækkun útgjalda skv. 18. gr. ....	<u>600</u>	<u>600</u>	—
Samtals 1—6 (með lagasetningu) .....	<u>4 685</u>	<u>2 685</u>	<u>4 955</u>
7. Hækkun á útsöluverði ÁTVR, 20% .....	<u>400</u>	<u>400</u>	<u>3 500</u>
Samtals 1—7. Tekjuauki og lækkun útgjalda: ..	<u>5 085</u>	<u>3 085</u>	<u>8 455</u>